



Reykjavík 28. október 2021

BSS 2018050006

Umsögn

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Vegna minja á Sjómannaskólareit

Íbúasamtökin Vinir Saltfisksmóans hafa vakið athygli á því að væntanlegar framkvæmdir á Sjómannaskólareit sem tilheyra gatnagerð/lögnum og sýndar eru í útboðsgögnum vegna framkvæmdanna,¹ stangast á við samþykktu hverfisvernd menningaminja, stakkstæðis, á svæðinu. Eins og sýnt er á samþykktu skipulagi svæðisins frá 13. febrúar 2020,² eru menningarmínjar á afmörkuðum reit J nyrst á skipulagssvæðinu, sjá skipulagsupprátt mynd 1.



Mynd 1. Hluti úr deiliskipulagi Sjómannaskólareits, sem sýnir afmörkun hverfisverndarsvæðis (skástrikaða með grænu) og helgunarreit menningaminja (afmarkaðan með slitróttu rauðu). Reitur J: Menningaminjar.

¹ Sjá útboðsgögn unnin af Vsó-ráðgjöf fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur og Veitur ohf., dags. í júlí 2021:


https://reykjavik.is/sites/default/files/framkvæmdasja/skjol_2014/usk_fja_sjomannaskolareitur_gotur_2020-21118_sjomannaskolareitur_gatnagerd_og_lagnir_-_teikningar-0-view.pdf.

²Deiliskipulag sp. 13. febrúar 2020:


http://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/Sjomannaskolareitur_1_254_13_02_2020.pdf



Skilgreint verndarsvæði menningaminjanna er ekki afmarkað í umræddum útboðsgögnum og á tveimur skýringamyndum er framkvæmdarsvæði skilgreint innan hverfisverndarsvæðis og helgunarreits menningaminjanna, sjá bls. 4 og 48 í umræddum útboðslýsingum.



Mynd 2. Útboðsgögn, bls. 4. Skilgreint framkvæmdarsvæði vegna gatnagerðar og lagna er sýnt með rauðum línunum. Áætlað framkvæmdir nyrst á svæðinu, liggja mjög nálægt eða innan helgunarreits menningaminja, sjá mynd 1. Athugasemd hér merkt með bláu (viðbót ALG, Borgarsögusafni).



Mynd 3. Útboðsgögn, bls. 48. Svört lína sem afmarkar framkvæmdarsvæðið liggur þvert yfir hverfisverndarsvæðið, sjá mynd 1. Athugasemd hér merkt með bláu (viðbót ALG, Borgarsögusafni).



Nú, þegar komið hefur í ljós að framkvæmdir eru áætlaðar innan og við helgunarreit og hverfisverndarsvæði menningaminjanna, vill Borgarsögusafn mælast til þess að *gerð verði grein fyrir þessari verndun í öllu upplýsingarefni um framkvæmdirnar og að útlínur helgunarreits og hverfisverndarsvæðis verði dregnar inn á og teikningar og upprætti vegna framkvæmdanna.*³ Auk þess er mikilvægt að áður en til framkvæmdanna kemur verði minjarnar girtar af og merktar. Þannig má koma í veg fyrir að slys verði á minjasvæðinu og helgunarsvæði þess á meðan á framkvæmdum stendur.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Borgarsögusafns,

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri fornleifa

María Karen Sigurðardóttir
Deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti:
Vinir Salfiskmóans: saltfiskmoinn@gmail.com
Minjastofnun Íslands: postur@minjastofnun.is
Orkuveitan: veitur@veitur.is
VSÓ RÁÐGIÖF: vso@vso.is

³ Þekjugögn (isn93) sem afmarka Hverfisvernd og helgunarsvæði þess eru send hér með.